

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu,  
verðlagningu og sölu á búvörum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að innheimta verðmiðlunargjald af afurðum nautgripa og sauðfjár. Skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni og má það aldrei vera hærra en 3,5% af heildsöluverði viðkomandi búvöru.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

- til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
- til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
- til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Við ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjaldi er heimilt að taka tillit til stærðar og staðsetningar afurðastöðva svo að unnt sé að styrkja sérstaklega rekstur þeirra þar sem það þykir hagkvæmur kostur vegna landfræðilegrar einangrunar.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tilgagna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.***LÖG****um veitingu ríkisborgararéttar.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

- Adelaide Maria Pedro Runólfsdóttir, nemi í Grundarfirði, f. 20. apríl 1979 á Græn-  
höfðaeyjum.